



**Ritari:** Laufey Sif Ingólfssdóttir

**Mættir:** Victor, Dúna, Áslaug, Hrafnhildur, Laufey, Guðbjörg & Sonja

## Dagskrá Fundarins:

1. Viðburðir
2. Plúsinn
3. Ungmennaráðin
4. Menntamálaráðuneytið
5. Stefnumótun og starfsdagar stjórnar
6. Önnur mál

## Málefni sem rædd voru:

- Rafíþróttamót Samfés og Félkó tímasetningar og auglýsingagerð ræddar. Útfærsluatriði vegna samkomutakmarkana lögð fram og munu vera rædd frekar er nær dregur viðburði. Rætt um að fá þá úti til að útbúa server fyrir okkur í Fortnite fyrir smá pening. Halda sambærilegu fyrirkomulagi með Twitch og var á norrænamótinu fyrir áramót.
- Fundur vegna norræna rafíþróttamótsins á næsta leit, Noregur ætlar að vera með í ár. Rætt um mögulegar dagsetningar á mótinu en engin ákvörðun tekin, rætt betur á næsta fundi.
- Danskeppni Samfés verður haldin með eða án takmarkana. Samstarf við dansskóla rætt, aldursskipting keppninnar og útfærsla. Mögulegt samstarf við ungrúv í tengslum við keppnina.i
- Málefni er varða plúsinn rædd. Fyrirhugaður fundur sem átti að vera í dag frestað aftur og verður nú ekki fyrr en í febrúar byrjun. Annars stendur plúsinn vel sem stendur.
- S er hættur sem starfsmaður ungmennaráðs og er því G meira en minna ein með bæði ráðin sem stendur. Búið er að auglýsa starfið hans S og verður spennandi að sjá hver tekur við.
- Umræður fara af stað um félagsmiðstöð upp í 18 ára og hvort tilefni sé til að herja á sveitarfélögin til að opna starf í öllum félagsmiðstöðvum fyrir þennan aldurshóp og halda þá áfram að efla 18+ starfið í ungmennahúsum. Vel tekið í þessa umræðu.
- Hvernig náum við til 16+ aldursins hjá þeim sem ekki sækja ungmennahús eða jafnvel á þeim stöðum þar sem ekki er ungmennahús? Hvar skrá þau sig til dæmis á viðburði Samfés?
- Enn er ekki komið í ljós hvernig verður með rekstrarstyrk samtakanna. Um þessar mundir er verið að endurskoða alla "kökuna" undir sama hatti og við föllum og munu þeir sem áður hafa verið með rekstrarstyrk fá samning til eins árs á meðan endurskoðunin fer fram og föllum við sennilega þar undir líka. Enn vitum við ekki hversu mikið við munum fá í rekstrarstyrk.
- Löngu orðið tímabært fyrir stjórn að halda starfsdaga, mögulegar dagsetningar og staðsetningar ræddar. Stefnumótin samtakanna verður tekin fyrir á starfsdögum.

## Ákvarðanir teknar á fundi:

- Rafíþróttamót Samfés og Félkó verður 5.febrúar frá 16:00-22:00
- S gerir auglýsingu fyrir rafíþróttamótið, notast við samskonar format (apann) og í fyrra.
- Áhersla verður lögð á að keppendur taki þátt í mótinu frá sinni félagsmiðstöð, verður þó ekki skylda svo allir sem vilji geti tekið þátt.
- Framkvæmdarstjóri heyrir í vinum okkar úti varðandi Fortnite server.



- S heyrir í Twitch gæjanum og athugar hvort hann sé ekki til í að taka þátt í þessu streymisverkefni með okkur.
- Framkvæmdarstjóri fundar með H hjá rúv varðandi dansmótið.
- Ákveðið að prufa að hafa danskeppnina aldurskipta. 5-7bekkur, 8-10bekkur og 16-18 ára.
- Ekki þarf að skrá sig með nafni félagsmiðstöðvar en mikilvægt er að hver keppandi/hópur hafi tengilið úr einhverri félagsmiðstöð með sér.
- Framkvæmdastjóri sendir póst á alla helstu dansskólana.
- Formaður og Framkvæmdastjóri setja saman minnisblað til að senda á Þórólf með nokkrum vel völdum spurningum um starfið okkar næstu mánuði.
- Ekki er þörf á því að einstaklingur sem ráðin verður sem starfsmaður ungmennaráða sé með háskólamenntun en það er þó kostur.
- G ætlar að "auglýsa" starfið meðal nemenda í Tómskóla- og félagsmálafræði.
- 16 ára og eldri skrá sig á viðburði samtakanna hjá sínu ungmennahúsi eða hjá SAMFÉS.
- Formaður setur inn á facebook hóp stjórnar og athugar hvernig 28-29 janúar hentar fyrir starfsdaga stjórnar
- L sér um að panta bústað fyrir starfsdagana

### Umræður sem taka þarf fyrir á næsta fundi:

- Hvenær næsta norræna rafíþróttamót á að vera
- Útfærsla á danskeppni samfés.
- Samfestingur og Aðalfundur verður ræddur þegar við vitum meira um aðstæður
- Hvernig herjum við á sveitarfélögin um að auka starf í öllum félagsmiðstöðvum landsins fyrir 16-18 ára.
- Með hvaða hætti ætlum við að ná til þeirra ungmenna sem ekki eru að sækja starf í ungmennahúsi.